

Mánudaginn 14. mars 1983.  
 Nr. 54/1981. **Sjávarútvegsráðherra vegna  
 Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins  
 og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
 (Gunnlaugur Claessen hrl.)  
 gegn  
**Jóni S. Ögmundssyni**  
 (Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Opinberir starfsmenn. Vinnusamningur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1981 og krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að málskostnaður fyrir báðum dómstigum verði felldur niður.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu er ekki deilt um það, hvort heimilt hafi verið að setja ákvæði um eins mánaðar uppsagnarfrest í ráðningarsamning stefnda, heldur eingöngu um það, hvort stefndi eigi rétt á að fá laun sín greidd fyrirfram mánaðarlega í samræmi við 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/1954.

Stefndi telst ríkisstarfsmaður í skilningi 1. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þau lög geyma reglur opinbers réttar edlis, og verður að telja, að óheimilt hafi verið að semja á annan veg um launagreiðslur til stefnda en 1. mgr. 20. gr. þeirra laga mælir fyrir um.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 8.000.00 krónur.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, sjávarútvegsráðherra vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Jóni S. Ögmundssyni, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1980.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. nóvember sl., hefur Jón S. Ögmundsson matvælaverkfræðingur, Hjarðarhaga 24, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. febrúar 1979, gegn sjávarútvegsráðherra vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til viðurkenningar á rétti sínum til þess að fá laun sín greidd fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar skv. upphafsákvæði 20. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði að fullu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Til vara gera stefndu þær kröfur, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Undirritaður dómari tók við meðferð máls þessa hinn 8. september 1980 af Emil Ágústssyni borgardómara, sem áður fór með málið. Með yfirlýsingu, dags. 22. febrúar 1979, samþykktu aðiljar máls þessa fyrirfram að ganga fram hjá sáttanefnd með mál þetta, sbr. lög nr. 85/1936, 5. gr., 3. mgr., 11. tl. Dómarinn reyndi sættir með málsaðiljum, en eigi bar sú viðleitni neinn árangur. Við munnlegan flutning máls þessa lýsti lögmaður stefndu því yfir, að deildarstjóri launadeildar fjármálaráðuneytisins, Guðmundur Karl Jónsson, hefði með tilvísun til 2. mgr. i. f. 1. gr. laga nr. 38/1954 fyrir hönd fjármálaráðherra synjað stefnanda ósk hans um, að hann hlyti laun sín greidd fyrirfram fyrsta starfsdag hvers mánaðar í stað eftir á.

**Málavextir.**

Um málavexti er eigi deilt af hálfu aðilja máls þessa, og er málavöxtum þannig lýst í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að stefnandi var fastráðinn til starfa við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins þann 9. september 1974 frá og með 1. október það ár. Hafði hann oft unnið þar áður um takmarkaðan tíma hverju sinni.

Í fyrstu fékk stefnandi föst mánaðarlaun sín greidd fyrirfram í byrjun hvers mánaðar, svo sem ráð er fyrir gert í 20. gr. laga 38/1954. Greiddi hann þá í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um mitt ár 1978 óskaði stefnandi eftir að greiða framvegis í Lífeyrissjóð Verkfræðingafélags Íslands, svo sem hann átti rétt til. Var honum þá tjáð af fyrirsvarsmönnum í launadeild fjármálaráðuneytisins, að við þessu væri því aðeins unnt að verða, að gerður yrði nýr ráðningarsamningur. Var slíkur samningur gerður og undirritaður 19/6 1978 og 31/7 1978.

Samningur þessi er gerður á prentað (eða fjölritað) samningsform stefndu. Í því segir m. a.: „Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samkvæmt samningi þessum skal vera þrjú mánuðir, nema tekið sé fram, að ráðningu ljúki sjálfkrafa. Þó skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera einn mánuður á fyrstu þrem mánuðum í starfi svo og ef samningur þessi gerir ráð fyrir, að launþeginn sé sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði en lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna. Ákvæði samnings þessa um uppsagnarfrest gilda þó ekki um þá starfsmenn ríkisins, sem hófu störf fyrir 1. jan. 1975, án þess að samið hafi verið um sérstakan uppsagnarfrest, og starfað hafa hjá ríkinu samfelld síðan. Laun skulu greidd fyrirfram, ef ráðningu er ætlað að standa til ekki skemmri tíma en eins árs eða ótímabundið með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf talið aðalstarf og hlutaðaeigandi taki ekki minna en hálf þau laun er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnudag. Í öðrum tilvikum skulu laun greidd eftir á.“

Samningur þessi hefur verið túlkaður þannig af hálfu stefndu, að uppsagnarfrestur skuli vera einn mánuður (á það hefur í sjálfu sér ekki reynt) og þar af leiðandi eigi stefnandi ekki rétt á fyrirfram greiddum launum.

Ég hef sem lögmaður stefnanda átt viðræður um málið við Guðmund Karl Jónsson, deildarstjóra launadeildar fjármálaráðuneytisins, en ekki leiddu þær viðræður til viðurkenningar stefndu á rétti stefnanda til fyrirfram greiddra launa. Er því málssókn þessi óhjákvæmileg.“

Stefnandi málsins, Jón S. Ögmundsson, kom fyrir dóminn. Hann kvað starfsmenn launadeildar fjármálaráðuneytisins hafa sagt sér, að það væri skilyrði fyrir því, að starfsmaður ríkisins fengi flutning í annan lífeyrissjóð, að viðkomandi starfsmaður semdi um skemmri uppsagnarfrest en þrjú mánuði og jafnframt um að hann fengi laun sín greidd eftir á í stað fyrirfram fyrsta starfsdag hvers mánaðar, eins og tíðkast hefði. Kvaðst stefnandi ekki hafa hreyft neinum andmælum gegn þessum skilyrðum, enda hefði hann talið, að sér bæri að gangast undir þau lögum samkvæmt. Þar af leiðandi hefði hann ekki séð neina ástæðu til þess að setja fyrirvara varðandi ákvæði ráðningarsamningsins um fyrirkomulag launagreiðslna. Þegar sér hefði hins vegar orðið ljóst, að skilyrði þetta væri ólöglegt, hefði hann komið að máli við kjarafélag sitt, Kjarafélag opinberra starfs-

manna í Verkfræðingafélaginu, og hefði félagið tekið málið upp við forsvarsmenn launadeildar fjármálaráðuneytisins og átt við þá viðræður fyrir sína hönd. Þær viðræður hefðu engan árangur borið og fjármálaráðuneytið jafnan neitað að breyta fyrirkomulagi launagreiðslanna.

Deildarstjóri launadeildar fjármálaráðuneytisins, Guðmundur Karl Jónsson, kom einnig fyrir dóm í máli þessu. Hann kvað það hafa verið ríkjandi venju um alllangt skeið að gera nýja ráðningarsamninga við þá starfsmenn ríkisins, sem óskuðu eftir flutningi úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í aðra lífeyrissjóði. Væri þá jafnan samið um skemmri uppsagnarfrest en þrjá mánuði og jafnframt um það, að laun skyldu greidd eftir á í stað fyrirfram fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Tilgangur þess að semja um skemmri uppsagnarfrest væri sá að haga málum þannig, að viðkomandi starfsmaður félli ekki lengur undir skilgreiningu 3. gr. laga nr. 29/1963. Með þessu móti segi viðkomandi starfsmaður í raun upp fastráðingu sinni og gerist lausráðinn starfsmaður.

Deildarstjórinn kvað mjög tíð mannaskipti vera í launadeild fjármálaráðuneytisins. Því kynni að vera, að vegna mistaka hefði einstaka starfsmönnum, sem fengið hefðu flutning í annan lífeyrissjóð, ekki verið greidd laun eftir á, heldur fyrirfram samkv. 20. gr. laga nr. 38/1954. Slíkt væri þó alger undantekning og framangreindri venju ávallt fylgt. Deildarstjórinn kvaðst kannast við það, að lögmaður stefnanda, Jón Steinar Gunnlaugsson, hefði átt viðræður við sig um ágreiningsefni máls þessa. Kvaðst deildarstjórinn í umboði fjármálaráðuneytisins hafa sýnað óskum stefnanda um það, að hann fengi laun sín greidd fyrirfram, en ekki eftir á.

#### *Málsástæður og lagarök.*

Stefnandi styður kröfu sína við upphafsákvæði 20. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem segi, að föst laun greiðist fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Lög nr. 38/1954, og þar með talin 20. gr. þeirra, taki til hvers manns í þjónustu ríkisins, sem sé skipaður, settur eða ráðinn. Það, sem skeri því úr um rétt þeirra, er vinni í þágu ríkisins, til þess að fá laun sín greidd fyrirfram sé 1. gr. starfsmannalaganna. Falli maður undir skilgreiningu 1. gr. þeirra laga, eigi viðkomandi starfsmaður rétt til fyrirframgreiðslu launa samkv. upphafsákvæði 20. gr.

Stefnandi telur það athugunarefni um hvern og einn starfsmann, hvort hann falli undir skilgreiningu 1. gr. starfsmannalega. Telur stefnandi, að ótvírætt sé, að hann falli undir þá skilgreiningu, er þar komi fram. Hann kveðst hafa verið fastráðinn til starfa við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 9. september 1974 frá og með 1. október það ár. Megi jafna þeirri fastráðningu til skipunar, enda hafi hann notið æviráðningar. Hafi hann þá fengið

föst laun sín greidd fyrirfram í byrjun hvers mánaðar í samræmi við ákvæði 20. gr. starfsmannalaga. Þegar ráðningarsamningurinn frá 19. júní og 31. júlí 1978 hafi verið gerður með ákvæði um 1 mánaðar uppsagnarfrest, hafi hann, þ. e. stefnandi, ekki lengur verið skipaður ríkisstarfsmaður í skilningi 1. gr., heldur ráðinn starfsmaður í skilningi sömu greinar. Hann hafi þá ekki lengur notið æviráðningar, heldur ráðningar sem starfsmaður með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Hann falli eftir sem áður undir skilgreiningu 1. gr. starfsmannalaga.

Stefnandi telur, að hugtökin fastráðinn og lausráðinn ríkisstarfsmaður skipti ekki máli varðandi sakarefni það, sem til úrlausnar sé í máli þessu, enda séu hugtök þessi hvergi skýrð í lögum. Það, sem lita beri til, sé eðli vinnuréttarsambandsins. Þegar 20. gr. laga nr. 38/1954 tali um föst laun, þá sé átt við laun, sem starfsmaður fái greidd, þegar hann sé í þannig vinnuréttarsambandi við vinnuveitanda sinn, að honum verði ekki sagt upp störfum nema með uppsagnarfresti. Þannig hátti til um stefnanda. Honum verði ekki sagt upp störfum nema með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Þarna komi fram gleggsti munur á starfsmanni, sem þiggi föst laun, og svo starfsmanni, sem vinni í þágu ríkisins á tímakaupi. Slíkum starfsmönnum, þ. e. tímavinnukaupsstarfsmönnum, verði sagt upp störfum án uppsagnarfrests, þar sem þeir séu ekki í föstu vinnuréttarsambandi við ríkið. Þá bendir stefnandi á, að engin breyting hafi orðið á starfssviði og starfsskyldum sínum, eftir að hann gerðist ráðinn starfsmaður, frá því, sem verið hafi, meðan hann hafi notið æviráðningar. Séu því vandfundin eðlisrök til þess að svipta sig réttinum til fyrirframgreiðslu launa.

Stefnandi getur þess, að hann telji ekkert athugunarvert við það, þó svo að ríkið semji um tiltekinn uppsagnarfrest við starfsmann sinn, sem áður hafi notið æviráðningar. Til þess sé full heimild, enda sé enginn ágreiningur gerður við stefndu varðandi uppsagnarfrestinn. Ágreiningur varði það, hvort það sé uppsagnarfresturinn, sem eigi að marka rétt ríkisstarfsmanna til þess að fá laun sín greidd fyrirfram, eða hvort það sé eitthvað annað atriði. Telur stefnandi, að rétturinn til fyrirframgreiðslu launa ráðist af því, hvort starfsmaður falli undir 1. gr. starfsmannalaga, engu öðru. Falli starfsmaður undir skilgreiningu 1. gr., eigi hann lögvarinn rétt samkv. 20. gr. sömu laga til fyrirframgreiðslu launa. Sá starfsmaður, sem falli undir skilgreiningu 1. gr. starfsmannalaga, sé ekki bundin af samningi um afsal slíks réttar, hvort heldur sem slíkur samningur sé gerður af viðkomandi starfsmanni eða í kjarasamningi stærri heilda ríkisstarfsmanna. Það breyti því engu um rétt stefnanda í þessum efnum, að hann hafi undirritað ráðningarsamning með ákvæði um afsal slíks réttar, þar sem ákvæðið sé andstætt lögum og því óskuldbindandi. Lög nr. 38/1954 mæli fyrir um margs konar réttindi til handa starfsmönnum ríkisins, sem þeir verði ekki sviptir,

nema til komi sérstakar heimildir. Slíkar heimildir séu ekki fyrir hendi og því beri ríkinu að haga sammingsgerð við starfsmenn sína þannig, að ekki fari í bága við starfsmannalögin, þar með talin 20. gr. laganna. Að öllu þessu athuguðu sé einsýnt, að fallast beri á kröfur sínar í máli þessu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að þegar stefnandi hafi á árinu 1978 óskað eftir því að binda endi á aðild sína að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og greiða framvegis í Lífeyrissjóð Verkfræðingafélgs Íslands, hafi það verið mat launadeildar fjármálaráðuneytisins, að nauðsyn bæri til að gera nýjan ráðningarsamning við stefnanda vegna skýlausra ákvæða um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í lögum nr. 29/1963. Í 3. gr. þeirra laga segi, að sjóðfélagar séu allir þeir, sem skipaðir séu, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum til ekki skemmri tíma en eins árs með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgi fyrir fullan vinnutíma. Hinn nýi ráðningarsamningur við stefnanda á dskj. nr. 5 hafi því verið gerður í því skyni að semja um skemmri uppsagnarfrest honum til handa en þriggja mánaða, til þess að honum bæri ekki að lögum að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Með hinum nýja samningi hafi stefnandi í raun sagt lausri þeirri fastráðningu, er hann hafi notið frá 1. október 1974, sbr. dskj. nr. 4, og gerst lausráðinn starfsmaður ríkisins með þeim samningskjörum, að uppsagnarfrestur sé einn mánuður og laun skuli greidd eftir á, sbr. dskj. nr. 5.

Stefndu telja, að hugtökin lausráðinn og fastráðinn ríkisstarfsmaður séu hvergi skilgreind í lögum. Þessi hugtök hafi þó almennt verið viðurkennd í íslensku réttarfari og af sammingsaðiljum um kaup og kjör ríkisstarfsmanna. Starf fastráðinna ríkisstarfsmanna sé að jafnaði varanlegra en önnur vinnusambönd á þessum vettvangi og starfstími þeirra yfirleitt ekki markaður aldur fyrirfram. Skipun í stöðu á vegum ríkisins megi að þessu leyti jafna til fastráðningar, þar sem um lausa skipun geti ekki verið að ræða samkvæmt íslenskum stjórnarfrarsrétti. Um setningu gildi að sjálf-sögðu allt önnur sjónarmið.

Stefndu telja, að hugtökin fastráðinn og lausráðinn starfsmaður séu mjög á reikni. Munur þessara tveggja hugtaka komi ekki fram í starfsmannalögnum nr. 38/1954, heldur í síðari tíma löggjöf, aldarfjórðungsframkvæmd og dómum. Sem dæmi um síðari tíma löggjöf, sem geri greinarmun á fastráðnum og lausráðnum ríkisstarfsmönnum, nefna stefndu 4. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, a lið 3. gr. laga nr. 46/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana. Öll þessi lagaákvæði renni stöðum undir þá skýrgreiningu,

að munur sé á réttarstöðu fastráðinna og lausráðinna ríkisstarfsmanna. Af lagaákvæðum þessum megi ráða, að mörkin milli fastráðins og lausráðins ríkisstarfsmanns liggi við þriggja mánaða uppsagnarfrestinn.

Stefndu telja, að með hliðsjón af framansögðu sé augljóst, að stefnandi máls þessa sé lausráðinn ríkisstarfsmaður. Réttarstaða hans sem og annarra lausráðinna ríkisstarfsmanna sé lakari heldur en fastráðinna. Komi það m. a. fram í því, að þeir njóti ekki þeirra réttinda og fríðinda, er lög nr. 38/1954 veiti ríkisstarfsmönnum, þar sem hinir lausráðnu starfsmenn falli af framangreindum ástæðum ekki undir ákvæði laganna. Rök munar á réttarstöðu þessarar tveggja hópa ríkisstarfsmanna séu þau að gera betur við þá starfsmenn, sem séu í föstum vinnuréttartengslum við ríkið. Sé slíkur munur alls ekki óeðlilegur út frá sjónarmiði ríkisins sem atvinnuveitanda. Ríkið vilji eðlilega gera betur við þá, sem eru fastráðnir starfsmenn þess, heldur en þá, sem eru lausráðnir, eins og t. d. stundakennarar, sumarvinnu- menn og afleysingamenn ýmiss konar. Slíkir lausráðnir starfsmenn, og stefnandi máls þessa þar með talinn, njóti ekki þess réttar, sem fastráðnum starfsmönnum sé tryggður í lögum nr. 38/1954. Sé ríkinu því í sjálfsvald sett að ákveða, hvort slíkum mönnum séu greidd laun fyrirfram eða eftir á.

Framangreindum skoðunum sínum til styrktar benda stefndu á, að í 20. gr. laga nr. 38/1954 sé talað um föst laun, en ekki laun. Föst laun séu laun til fastráðinna starfsmanna, starfsmanna í föstu vinnuréttarsambandi við ríkið. Þessi tvö hugtök, föst laun og fastráðinn starfsmaður, falli því alveg saman að þessu leyti. Þá beri og að geta þess, að það sé hin almenna regla vinnumarkaðsréttarins, að laun fyrir unnin störf séu greidd eftir á að verki loknu. Fyrirframgreiðsla launa sé undantekning frá þeirri almennu reglu. Samkvæmt hefðbundnum lögskýringarsjónamiðum beri að túlka slík undantekningarákvæði þröngt.

Loks benda stefndu á, að um aldarfjöldungsskeið, eða frá setningu laga nr. 38/1954, hafi sú venja ávallt verið tíðkuð að greiða þeim ríkisstarfsmönnum, sem aðild eiga að öðrum lífeyrissjóði heldur en lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, laun eftir á í stað fyrirfram fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Hafi aðferð þessi ávallt verið látin átölulaus af hálfu opinberra starfsmanna og samtaka þeirra. Þessu til styrktar benda stefndu á kjarasamning fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands fyrir gildistímann 1. nóvember 1977 til 31. október 1979, 2. mgr., 1. gr., þar sem segi svo um efni samningsins, að hann fjalli um kaup og kjör lausráðinna sjúkrahús- lækna. Samkv. 2. mgr. 3. gr. kjarasamningsins skuli ráðningarsamningar vera uppsegjanlegir af beggja hálfu með tveggja mánaða fyrirvara. Á grundvelli þessa kjarasamnings hafi laun svo ávallt verið greidd eftir á og hafi enginn ágreiningur verið gerður um þá tilhögun. Að öllu þessu athug-

uðu telja stefndu, að auðsýnt sé, að fallast beri á sýknukröfu þeirra í máli þessu.

#### *Álit réttarins.*

Með ráðningarsamningi, dags. 9. september 1974, var stefnandi máls þessa fastráðinn sem sérfræðingur til starfa við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Með ráðningarsamningi, dags. 19. júní og 31. júlí 1978, var ráðningarkjörum stefnanda breytt á þann veg, að hann var ráðinn sem matvælaverkfræðingur að sömu stofnun ótímabundið, en með 1 mánaðar upp-sagnarfræsti. Ágreiningur málsaðilja varðar það, hvort stefndu í máli þessu hafi í hinum síðari ráðningarsamningi verið heimilt að áskilja, að stefnandi hlýti laun sín greidd eftir á í stað fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar.

Samkvæmt IV. kafla laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Starfsmenn stofnunarinnar eru því ríkisstarfsmenn með þeim réttindum og skyldum, er um þá kunna að gilda hverju sinni. Lög nr. 38/1954 mæla fyrir um réttarstöðu starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga taka þau til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfinu, enda verði starf hans talið aðalstarf. Að mati réttarins er stefnandi máls þessa ráðinn ríkisstarfsmaður í skilningi 1. gr. laga nr. 38/1954, enda fullnægir hann öðrum skilyrðum, sem sett eru í þeirri grein. Lög nr. 38/1954 eiga því við, er ákvarða skal réttarstöðu stefnanda, enda er það meginregla 1. gr. laganna, að ráðnir ríkisstarfsmenn falli undir ákvæði þeirra laga.

Lög nr. 38/1954, 20. gr., mælir á þann veg, að föst laun greiðist fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Hvorki verður af 20. gr. sjálfri né af athugasemdum í greinargerð með 20. gr. frumvarps til laga nr. 38/1954 ráðið, að tilætlun löggjafans hafi verið sú að gera mun á réttarstöðu ráðinna og skipaðra ríkisstarfsmanna að því er varðar rétt samkv. 20. gr. laganna. Verður að ætla, ef sá hefði verið tilgangur löggjafans, að sérstök efnisregla hefði verið lögfest þar að lútandi. Svo var eigi gert. Verður því að skýra nefnda 20. gr. þannig, að hún eigi við um stefnanda máls þessa og hann njóti réttar samkvæmt henni, enda verður eigi talið, að sú venjuframkvæmd, sem stefndu hafa haldið fram undir rekstri máls þessa, að myndast hafi um fyrirkomulag launagreiðslna, geti vikið til hliðar þeim lögvörðu réttindum, sem í 20. gr. laga nr. 38/1954 felast. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum verða stefndu in solidum dæmdir til þess að

greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 250.000.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er réttur stefnanda, Jóns S. Ögmundssonar, til þess að fá föst laun sín greidd fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar samkv. 20. gr. laga nr. 38/1954.

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sjávarútvegsráðherra vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, greiði in solidum stefnanda, Jóni S. Ögmundssyni, kr. 250.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. mars 1983.

Nr. 9/1982.

#### Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

#### Björgu Benjamínsdóttur

(Örn Clausen hrl.).

Manndráp. Brenna. Erfðarétti fyrirgert.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu skv. 175. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 74/1974 með stefnu 29. desember 1981. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms. Verjandi krefst lækkunar refsingar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 20. desember 1982.

Eftir uppsögu héraðsdóms var álitserð Karls Strand læknis, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, um geðheilsu og sakhæfi ákærðu borin undir Læknaráð, sem féllst á niðurstöðu álitserðarinnar 13. desember 1982.